



HVATARBLAÐIÐ



REIÐNÁMSKEIÐ.

Reiðnámskeið verður haldið fyrir börn og unglinga dagana 8. - 11. ágúst og verða kennarar þau Dóri og Sandra í Miðengi.

Eins og í fyrra verður námskeiðið haldið í Miðengi og verður hægt að geyma hrossin þar á meðan á námskeiði stendur.

Námskeiðið er frítt og einungis þarf að hafa með sér hest og það sem honum fylgir.

Nánari tímasetningar koma þegar skráningar liggja fyrir en kennt verður seinnipartinn og á kvöldin.

**Skráningar berist í síðasta lagi 6. ágúst.
á póstfangið guggajons@simnet.is
Látið endilega fylgja skráningu
aldur barns.**

Kv. Æskulýðsnefnd.



FUNDARGERÐ.

509. fundur 07. júlí 2021 kl. 09:00 - 10:00
Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Björn Kristinn Pálmarsson varaoddviti
- Karl Þorkelsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 37. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 20. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 38. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 26. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

c) Fundargerð 39. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

d) Fundargerð 3. fundar stýrihóps um verkefnið Heilsueflandi samfélag, 16. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 220. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 23. júní 2021.

Mál nr. 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35 og 58 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 220. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 23. júní 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 24: Þórisstaðir land L220557; Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - (2002001).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þórisstaða lands L220557. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði innan landeignarinnar. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum. Tillaga var auglýst til kynningar frá 19. maí til 9. júní.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Þórisstaða lands L220557 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 25: Tjaldhóll L210521; Vegagerð; Efnistaka; Náma; Framkvæmdaleyfi - (2106045).

Lögð er fram umsókn frá Ásmundi Skeggjasyni er varðar framkvæmdaleyfi við veg inn á land Tjaldhóls L210521. Samhliða er óskað eftir staðfangabreytingu á lóðinni og heimild fyrir gerð deiliskipulags.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 5. mgr. 13. gr og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna framkvæmdarinnar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við staðfangabreytingu lóðarinnar og samþykkir að unnið verði deiliskipulag fyrir landið. Sveitarstjórn mælist til þess að leitað verði umsagnar Vegagerðarinnar vegna málsins.

Mál nr. 26: Lerkigerði 2 L169289; Undanþága frá byggingaskyldu; Fyrirspurn - (2106046).

Lögð er fram fyrirspurn frá Ársæli Ármannssyni er varðar undanþágu frá byggingarskyldu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fallið verði frá byggingarskyldu í takt við framlagða fyrirspurn. Sveitarstjórn bendir á að uppbygging innan svæðisins er háð útgáfu byggingarleyfis.

Mál nr. 27: Miðborgir, Miðengi; Flóttaleið; Borgarleynir; Framkvæmdaleyfi - (2106060).

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna flóttaleiðar frá Miðborgum í landi Miðengis auk óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Miðborga sem tekur til flóttaleiðar. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemd við skilgreiningu flóttaleiðar frá svæðinu á fundi sínum þann 21.4.2021 með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar og að unnin væri óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins. Fyrir liggja umsagnir Skógræktarinnar og Vegagerðarinnar vegna málsins auk tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis vegna flóttaleiðar. Sveitarstjórn mælist til þess að óveruleg breyting á deiliskipulagi fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Þar sem fyrir liggur samþykki Skógræktarinnar og Vegagerðarinnar telur sveitarstjórn ekki ástæðu til grenndarkynningar og samþykkir samhljóða að óveruleg breyting á deiliskipulagi taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda.

Mál nr. 28: Lundeyjarsund 4 L168718; Skilmálar; Stálvirki; Deiliskipulagsbreyting - (2104009).

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem tekur til skilmálabreytingar innan frístundabyggðarinnar að Hraunkoti. Athugasemdir bárust á auglýsingartíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess. Í breytingunni felst að krafa um að hús skuli byggð úr timbri verði felld út úr skipulagsskilmálum og gert verði ráð fyrir því að byggja megi hús úr stálvirki eða öðrum léttum byggingarefnum. Athugasemdir bárust vegna kynningar á breyttum skipulagsskilmálum frá Sjómannadagsráði. Í athugasemdinni felst að óljóst þyki hvað er verið að samþykkja með framlagðri breytingu auk þess sem samráðsleysi er gagnrýnt. Sveitarstjórn tekur ekki undir þær athugasemdir og telur ljóst að í breytingunni felst að heimilað er að byggja úr fleiri léttum byggingarefnum en timbri. Gildandi skilmálar gera ráð fyrir að eingöngu megi byggja hús úr timbri innan svæðisins. Sveitarstjórn telur ljóst að þar sé um burðarvirki húsa að ræða. Breytingin taki því til þess að heimilt sé að byggja úr fleiri byggingarefnum en timbri sem geti talist til létttra byggingarefna. Það er mat byggingarfulltrúa og eftir atvikum skipulagsfulltrúa eða skipulagsnefndar hverju sinni hvað geti talist til létttra byggingarefna ef vafi leikur á. Ljóst þykir að skilmálum þessum er ætlað að koma í veg fyrir gerð steinsteyptra bygginga innan svæðisins, breyting þessi er því í anda þeirra markmiða þótt svo að auknar heimildir séu veittar fyrir notkun mismunandi byggingarefna. Sveitarstjórn telur að staðið hafi verið að kynningu málsins á fullnægjandi hátt. Skipulagsfulltrúi hefur upplýst sveitarstjórn um að til standi að fara í heildarendurskoðun deiliskipulags á svæðinu. Sveitarstjórn fagnar því en telur ekki ástæðu til að stöðva ferli umsóttar breytingar vegna þessa. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða deiliskipulagsbreytingu og að hún taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Þeim sem athugasemdir gerðu verði kynnt niðurstaða sveitarfélagsins.

Mál nr. 29: Neðan-Sogsvegar 4 L169505; Norðurkot; Minnkun á byggingareit; Deiliskipulagsbreyting - (2011076).

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi sem tekur til Neðan-Sogsvegar 4. Í breytingunni felst minnkun byggingarreitar á lóð Neðan-Sogsvegar 4 í takt við athugasemdir sem gerðar voru við deiliskipulagsbreytingu innan svæðisins þar sem skilgreind voru lóðarmörk og byggingarreitir.

Framlögð deiliskipulagsbreyting var samþykkt í sveitarstjórn 21.10.2020 og auglýst í B-deild í mars 2021. Gildistaka breytingarinnar var felld út gildi með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 34/2021 sem taldi að ekki hefði verið staðið rétt að kynningu málsins gagnvart lóðarhafa. Er því umrædd breyting sem byggir á athugasemdum lóðarhafa aðliggjandi lóðar lögð fram á ný til afgreiðslu skipulagsnefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhafa Neðan-Sogsvegur 4 og lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Mál nr. 30: Stóra-Borg lóð 13 L218057; Veglagning; Efnistaka; Framkvæmdaleyfi - (2106067).

Lögð er fram umsókn frá ÖRG sumarhús ehf. er varðar umsókn um framkvæmdaleyfi. Í framkvæmdinni felst veglagning að lóðinni um 400 metra frá Biskupstungnabraut. Gert er ráð fyrir því að efnistaka verði úr námu við Svínavatn og verði á bilinu 1200-1500 m3.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 5. mgr. 13. gr og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins er umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna framkvæmdarinnar. Unnið er að deiliskipulagi svæðisins. Sveitarstjórn mælist til þess að staðfang lóðarinnar/svæðisins verði tekið til endurskoðunar við vinnslu deiliskipulags á svæðinu.

Mál nr. 31: Hestvíkurvegur 8 (L170887); umsókn um byggingarleyfi; bátaskýli - gestaherbergi, breyting - (1912009).

Erindi sett að nýju fyrir fund, mótteknar voru þ. 30.05.2021 breyttar aðaltekningar frá hönnuði. Sótt er um byggingarleyfi til að byggja 40 m2 gestahús með geymslulofti á sumarbústaðalandinu Hestvíkurvegur 8 L170887 í Grímsnes- og Grafningshreppi í stað bátaskýli/gestaherbergi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 32: Álftavatn 2A (L168307); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður með sambyggðu gestahúsi og geymslu - (2106037).

Fyrir liggur umsókn Valdimars Harðarsonar fyrir hönd Þórðar Sverrissonar, móttækin 09.06.2021, um byggingarleyfi til að fjarlægja 45 m2 sumarbústað, mhl 01, byggingarár 1985 og byggja 144 m2 sumarbústað með sambyggðu gestahúsi og geymslu á sumarbústaðalandinu Álftavatn 2A L168307 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 33: Hamrar 3 (L224192); umsókn um byggingarleyfi; vinnustofa-geymsla - (2104039).

Fyrir liggur umsókn Eiríks V. Pálssonar fyrir hönd Gyðuborga ehf., móttækin 11.04.2021. Til stendur að byggja 38 m2 vinnustofu/geymslu á lóðinni Hamrar 3 L224192 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn mælist til þess að séu frekari framkvæmdir ætlaðar innan svæðisins til framtíðar verði unnið deiliskipulag.

Mál nr. 34: Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps - (1506033).

Lögð fram til afgreiðslu fyrir kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga tillaga að aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 ásamt fylgigögnum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 35: Ásgarður; Suðurbakki 16 L212142 ; Stækkun byggingarreits ; Deiliskipulagsbreyting - (2106121).

Lögð er fram umsókn frá Guðjóni Haukssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Suðurbakka 16 í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður lítillega til suðvesturs. Engar breytingar eru gerðar á greinargerð skipulagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 58: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-145.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní 2021.

f) Fundargerð 303. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 22. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

g) Fundargerð 899. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 11. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar í máli nr. 4/2021, Ásbraut 40, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur úrskurður yfirfasteignamatsnefndar frá 22. júní s.l. í máli nr. 4/2021 vegna kæru eigenda Ásbrautar 40, Grímsnes- og Grafningshreppi, um álagningu fasteignaskatta. Yfirfasteignamatsnefnd staðfestir álagningu sveitarfélagsins. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

3. Tilkynning um kæru nr. 91/2021 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur tilkynning um kæru nr. 91/2021 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar sem kærð er samþykkt Grímsnes- og Grafningshrepps á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Kiðjabergi vegna lóða 108, 109, 110 og 111 við Kamba. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa og lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að vinna málið og gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

4. Héraðsdómur Suðurlands, dómur nr. E-674/2020, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn Innovation Now ehf. og íslenska ríkinu.

Fyrir liggur dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 15. júní s.l. í máli nr. E-674/2020, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn Innovation Now ehf. og íslenska ríkinu þar sem farið er fram á að úrskurður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 25. maí 2020 í máli nr. SRN19050056 verði felldur úr gildi. Niðurstaða dómsins er að úrskurðurinn er felldur úr gildi og málskostnaður felldur niður. Dómurinn lagður fram til kynningar.

5. Beiðni um afnot af vegum vegna Hillrally á Íslandi 2021.

Fyrir liggur bréf frá Tryggva M. Þórðarsyni f.h. Hillrally á Íslandi 2021, dagsett 17. júní 2021, þar sem sótt er um leyfi sveitarfélagsins til að halda fyrrnefnda keppni á vegum sem undir sveitarfélagið falla. Vegirnir sem um ræðir eru svokallaður Eyfirðingavegur sem liggur sunnan Skjaldbreiðar og vegur er tengir Eyfirðingaveg og gömlu Lyngdalsheiðina, en keppnin verður haldin dagana 6. – 8. ágúst 2021. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að keppnin verði haldin á umræddum vegum. Minnt er á að huga þarf vel að merkingum vegna keppninnar og skilja við svæðið í sama ástandi og tekið var við því.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis og tímabundins áfengisleyfis í Vatnsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 14. júní 2021, um umsögn vegna tækifærisleyfis og tímabundins áfengisleyfis þann 30. júlí til 2. ágúst í Vatnsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfin verði veitt.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Melhúsasundi 11, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 1. júlí 2021, um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Melhúsasundi 11, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

8. Tilkynning til hluthafa í Límtré-Vírnet ehf. um eigendaskipti að hlutum.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Límtré-Vírnets ehf. dagsett 1. júlí 2021 þar sem tilkynnt er að Stefán Árni Einarsson hafi óskað eftir því að kaupa alls 1.800.000 hluti í félaginu sem jafngilda 1,32% af heildarhlutafé félagsins. Samkvæmt samþykktum félagsins hafa aðrir hluthafar félagsins forkaupsrétt að hlutunum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að forkaupsréttur Grímsnes- og Grafningshrepps verði ekki nýttur.

9. Stöðuskýrsla nr. 16 frá uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. júní 2021, þar sem kynnt er 16. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

10. Bréf frá NPA Setri Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Hafði Bjarnadóttur og Ingu Sveinbjörgu Ásmundsdóttur f.h. NPA Seturs Suðurlands, dagsett 7. júní 2021, þar sem kynnt er starfsemi félagsins. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Fyrir liggur beiðni skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar um umsögn á vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Lagt fram til kynningar.

Íbúar Grímsnes- og Grafningshrepps

Kæru sveitungar.

Í ár eru 91 ár liðin frá því móðir Sólheima, Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir stofnaði samfélagið Sólheima, með dyggum stuðningi fjölskyldu, vina, nágranna, ásamt þjóðkirkjunni, sóknarprestinum á Mosfelli og fleiri góðum velunnurum. Af því tilefni vilja stjórn, starfsmenn og íbúar Sólheima, leitast við að kynna staðinn og þá fallegu starfsemi og sögu sem hann býr yfir og bjóða sveitungum öllum til veislu og skemmtunar þann 15. ágúst nk. Dagskráin er fyrir alla aldurshópa og við vonumst til að sjá sem flesta.

Dagskrá:

11:00- 13:30 Vigdísarhús Sólheimum

Við bjóðum ykkur að byggja Dögurð / Brunch komið njótið; borðum, spjöllum og hlæjum saman!

13:00 Lífrænn grænmetis markaður Sólheima og fleiri framleiðenda lífrænna vara ásamt handverksfólki. Skógræktin Ölur og Garðyrkjustöðin Sunna verða með kynningu við markaðstjöld. Starfsmenn og þjónustunotendur með fræðslu og kynningar í listhúsi

14:00 Tónleikar.

15:00 Harmonikkur í Grænu könnunni (harmonikuvinir)

18:00 Dagskrá lýkur

Börnin stór og smá munu skemmta sér í leikjum og prautabraut ofan við Grænu könnuna.

Íbúar Grímsnes- og Grafningshrepps
Verið hjartanlega velkomin.

Takið daginn frá:
Sunnudagurinn 15. ágúst,
Sólheimar



Göngum betur um grenndarstöðvarnar

Grímsnes- og Grafningshreppur er með átta grenndarstöðvar víðs vegar í sveitarfélaginu, sem eru opnar allan sólarhringinn og svo er gámastöð á Seyðishólum með sérstakan opnunartíma. Í flestum tilfellum gengur fólk vel um grenndarstöðvarnar og flokkar þar rétt. Það hefur þó verið allt of mikið um slæma umgengni í sumar. Rusl er skilið eftir við gámana, stórir og smáir hlutir og oft eru fullir pokar af rusli fyrir utan gámana, bæði af almennu sorpi og grasi. Unglingarnir í vinnuskólanum hafa séð um að koma ruslinu á rétta staði. Það eru vinsamleg tilmæli frá sveitarfélaginu að íbúar og sumarbústaðaeigendur taki sig nú á og gangi vel um grenndarstöðvarnar þannig að sómi verði að. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir af ástandinu eins og það hefur verið í sumar.



Ruslið, sem skilið er eftir fyrir utan stöðvarnar er af ýmsum stærðum og gerðum.



Hér hefur einhver ákveðið að skilja rúmdýnuna sína eftir á einni grenndarstöðinni. Hún var fjarlægð og farið með í grófan úrgang á gámastöðina á Seyðishólum.



Allskonar rusl, sem var skilið eftir og vinnuskólinn sá um að koma því í rétta flokkun á Seyðishólum.



Fullt af pillupokum var skilið eftir á einum staðnum.



Matthías Fossberg úr vinnuskólanum með ónýtt grill, sem var skilið eftir á einni stöðinni.



Svona sjón hefur verið allt of algeng í sumar, fullir pokar skyldir eftir þrátt fyrir að það hafi verið nóg pláss í gámunum. Síðan kemur fuglinn og rífur pokana.



Skilið eftir fyrir utan gáminn þrátt fyrir að það hafi verið lítið sem ekkert í honum.



Járnarusl fjarlægt af einni grenndarstöðinni.



Spilliefni og fleira, sem einhver hefur ekki nennt að fara með á gámastöðina á Seyðishólum.



Fínir gönguskór, sem skildir voru eftir


Vinnuskóla sumarsins lokið

Vinnuskóla sveitarfélagsins lauk föstudaginn 30. júlí en þá höfðu unglingarnir unnið í níu vikur við fjölbreytt störf. Til að fagna vinnu sumarsins var farið í skemmtiferð fimmtudaginn 29. júlí til höfuðborgarinnar í trampólíngarðinn Rush í Kópavogi. Eftir það var farið í leiktækin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og þar á eftir í bíó. Hópurinn fór síðan að borða á Stjörnutorgi í Kringlunni. Fjórir krakkar voru í vinnuskólanum í sumar, allt dagnaðarforkar, sem komu miklu í verk á þessum níu viku. Meðal verkefna voru þökulagning, gróðursetning, tínsla á rusli, málningarvinna, beðahreinsun, sláttur og fleira og fleira.

Magnús Hlynur Hreiðarsson, umsjónarmaður skólans tók meðfylgjandi myndir.



Matthías Fossberg að fara með ónýta girðingu úr Klausturhólaréttum en vinnuskólinn tók til í réttinni í sumar.



Ísold Assa, Katla og Matthías bregða hér á leik.



Vinnuskólinn fékk það verkefni að setja plötur á allt gólfið í íþróttahúsinu á Borg til að verja gólfið fyrir harmonikkuhátíð um verslunarmannahelgina og Grímsævintýri 7. ágúst. Það reyndist svo óþarfi vegna samkomutakmarkana og voru því plöturnar teknar aftur af gólfinu og farið með þær aftur í geymslu.



Hér eru Georgía og Katla að bera fúavörn á grindverkið við leikskólann.

Plantað var á nýja hluta tjaldsvæðisins á Borg, m.a. öspum, sem eiga vonandi eftir að verða stór og falleg tré.



GRÍMSÆVINTÝRI

á Borg 7. ágúst

Dagskrá frá kl 13.00 til 16.30

Tombóla - Hoppulstalar - Klifurveggur - Blúndukaffi

Markaður - Brúðarinn - BMX brós

Pop og candyfloss

TOMBÓLA - MÍFAVERÐ: 400kr


Fritt í sund á meðan á hátíðinni stendur - Flott tjaldsvæði á staðnum.

Allir velkomnir - frír gengur

Grímsævintýri er lítil sveitahátíð í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps þar sem meðal annars fer fram ein elsta tombóla landsins sem haldin hefur verið árlega frá árinu 1926. Hátíðin er styrkt af Grímsnes- og Grafningshreppi.

FELLA- OG FJALLGÖNGUVERKEFNIÐ "UPP Í SVEIT 2021"

Fella- og fjallgönguverkefnið vinsæla á vegum Heilsueflandi Uppsveita, heldur áfram í sumar 2021.
Allar upplýsingar á sveitir.is



Á síðunni sveitir.is er hlekkur á:

[Lýsingu á leiðum](#)

[Raðað eftir erfiðleikagráðu](#)

hlekkur á google maps sem sýnir alla staðina og gönguleiðirnar upp að póstkössunum fyrir sumarið 2021: <https://cutt.ly/PmRc5nH>



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:
jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com



Sumaropnunartími:

Mánudaga:	09:30-18:30
Þriðjudaga:	09:30-18:30
Miðvikudaga:	09:30-18:30
Fimmtudaga:	09:30-18:30
Föstudaga:	10:00 - 20:00
Laugardaga:	10:00 - 20:00
Sunnudaga:	11:00 -18:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu verslunarinnar

www.facebook.com/VersluninMinniBorg

Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kæru viðskiptavinir.

Sumarlokun skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps er lokuð vegna
sumarleyfa starfsmanna

frá 19. júlí til og með 6. ágúst 2021.

Sumarleyfi sveitarstjórnar

Sveitarstjórn verður í sumarleyfi seinni fund í
júlí og fyrri fund í ágúst.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 18. ágúst kl. 9:00.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá
kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.**

**Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga –
fimmtudaga.**

**Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og
beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Þjónustuskrá



Opið alla daga til 20. júlí
frá 10-16. Lokað 17.júní

www.artangi.is

Feðgaverk

Klausturhólar 805 Selfoss
Sími: 848-1123 Jóhannes &
868-4115 Guðmundur
verktaki89@gmail.com



Sveitagarðurinn

**Komdu og skoðaðu
dýrin og
hoppukastala
frá 12-18**

Finndu okkur á Facebook

Smiðsholt

Smiðsholt ehf

S: 897-4951

Öll almenn trésmíðavinna
Löggiltur húsasmíðameistari

Straumver ehf

www.straumver.is
Kringla 2 Grímsnes- og Grafningsshr.
805 Selfoss
Askalind 7 201 Kópavogur
Sími: 892-0518 / 866-6068
straumver@gmail.com

Úlfjótswatn



Fjölskyldutjaldsvæði



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

**Kaffi í Grænukönnunni,
listsýningar og viðburðir í
allt sumar Opið 11-18**

Tjaldsvæðið Borg

Opið í allt sumar

Viðburðir þegar veður leyfir

Upplýsingar á Facebook

Viðburðardagatal Grímsnes- og Grafningshrepps sumarið 2021

Ágúst:

7. ágúst Tónleikar á Sólheimum - Óvæntir gestir !
14. ágúst Þorgeir Ástvaldsson og vinir,
minningartónleikar Ragga Bjarna
Lífræni Dagurinn
15. ágúst Íbúum Grímsnes- og Grafningshrepps boðið heim.
Tónlist fyrir gesti og gangandi á Sólheimatorgi
21. ágúst Tónleikar á Sólheimum - Friða Dís

Frekari upplýsingar um viðburði á heimasíðu Sólheima,
Úlfjótssvatns og Grímsnes- og Grafningshrepps.



Fjallskil 4

**Leikur ekki lipran gang
lítt vill blekking þjóna.
Þegar brekkan fyllir fang
fyrst ég þekki Skjóna.**

Hjörleifur Kristinsson

En það eru fleiri minningar úr fjallferðum sem gott er að ylja sér við. Hér verður að sinni ekki dvalið við hinn mannlega félagsskap eða einstök atvik, sem sum mörkuðust af glaum og gleði náttstaðanna, en önnur af sviptingum og sigurgleði smálans – nú eða sárum vonbrigðum með hundelta rollu sem lagðist undir barð og varð ekki þokað í átt til byggðarinnar, þótt hún væri vís til að spretta á fætur og taka á rás, ef henni tókst að taka stefnuna tryggilega í snaröfuga átt, til fjalls. Alls ekki mun ég rifja upp hér og nú - hvað sem síðar verður - hvers vegna einstaka fjallmanni var færður áttaviti að gjöf að aflokinni einni fjallferðinni. Og alls engar sögur verða hér sagðar af fimmtugsafmæli Tedda í Efstadal og frægri jeppaferð okkar fjallmanna undir Kerlingu á Landróver Gunnars á Hömrum að heiðra afmælisbarnið með nærveru okkar í Hlöðuvallaskála.

Hins vegar átti ég löngum góða fjallhesta, og vikur nú sögunni að þeim. Hvaða eiginleikum skyldu góðir fjallhestar þurfa að vera gæddir til að standa undir nafni? Vilji, þrek, þor og fótvissa kemur fyrst upp í hugann, eins og vænta má. Og vissulega er það kostur að gangmýktin tryggi að vel fari um knapann á langri dagleið. En nú er uppi önnur forgangsroð um gæði gangtegundanna, önnur forgangsroð en allajafna gildir í hugarheimi ferðamannsins eða keppnismannsins, að ég tali nú ekki um skeiðfíkilsins sem hér mundar sitt stílvopn. Í því eilífðarhrauni, grjóturð og stórpýfi sem lengst af er undir fæti á Grímsnesafrétti frá morgni til kvölds, er nefnilega ekki svo mikil eftirspurn eftir þeim vægisprungnu gangtegundum sem eftirsóttastar eru á skeiðvöllum og snúrubrautum, né heldur á hörðum böllum, þurum moldargötum eða stinnum fjörum, svo nefndar séu kjöraðstæður allra reiðmanna, aðstæður sem íslensk náttúra skenkir af örlæti sínu – á völdum stöðum. Nei, hér gildir að fjallhesturinn búi yfir rösku feti, helst bráðrösku – og að viljinn og áhuginn sé svo sjálfsprottinn að lítt eða ekki þurfi að hvetja. Aðeins með þessum hætti er von til þess að sæmilega ern fjallmaður komist lítt eða ekki slæptur og þvældur frá fjallferðinni – að ekki sé talað um hina! Ekkert hlutskipti er ömurlegra en að þurfa að berja sífellt fótastokkinn á smalahesti sínum til að honum skili sæmilega á fetinu – og engin undankomuvon er til þess fyrir slíkan hest að vera kallaður örlagatrunta þegar heim er komið – og gildir einu þótt hægt væri að fara með hann á sýningarvöll og hljóta þar góða dóma!

Tvo yfirburða fjallhesta langar mig að nefna hér og gera grein fyrir. Annar þeirra er heimaræktaður, en hinn aðfenginn og undan þóroddsstaðahesti.

Fyrst nefni ég **Galsa**, rauðskjóttan efling. Ég eignaðist hann fullorðinn. Hann var fæddur Gylfa bróður mínum, undan Laugarvatnshrossunum Anga og Fön, dóttur Fjaðrar og Ófeigs frá Hvanneyri. Gylfi tamdi Galsa,

átti hann og naut kosta hans fram á miðjan aldur. Þá lét hann föður okkar fá hann í hestakaupum, og þar kom að hann varð minn. Galsi er einhver ótrúlegasti snillingur sem ég hef átt – með tilliti til ofanskriðar lýsingar á yfirburða fjallhestum. Fjörð var ólgandi og óbilandi, fetið afbragð. Alltaf var Galsi samur og jafn, dansandi léttur á taumum og hlýddi hverri bendingu á augabragði. Reyndar var honum sjaldnast kennt eða bent – hann virtist hafa fullan skilning á eðli smalamennskunnar. Flugvakur var hann, en hamdist lítt á keppnisbrautinni. Hjá snillingnum Eiríki Guðmundssyni náði hann þó góðum tíma í 250 m skeiði: 23,5 sek.

Galsi varð nokkuð gamall hjá mér, og aldrei fann ég að hann léti sig til líkama eða sálar. Hann var „talsvert góður“ reið- og ferðahestur, ef rétt var á haldið. Því er betur lýst í dýrt kveðinni vísu Gylfa Þorkelssonar:

Dansar vals í höndum hals / hvergi fals né ljóður. / Búinn Galsi er til alls / enda talsvert góður.

Gammur var fæddur Lárusi Kjartanssyni, bónda í Austurey í Laugardal. Hann var undan Guma mínum frá Þóroddsstöðum (u. heimahrossunum Pá og Glímu) og Lipurtá í Austurey, sem var ættuð frá Syðra-Vallholti í Skagafirði í móðurætt, en faðir hennar var hinn nafntogaði gæðingur Blær frá Sauðárkróki.

Gammur var jarpstjörnnóttur að lit, afar faxprúður og glæsilegur á velli. Hann var óvenjulegur hestur á margan hátt, og fjarri því að vera allra, eins og sagt er. Háls- og herðabyggingin bar af flestu sem fyrir augu bar og sætið var óviðjafnanlegt, það var svo mikið fyrir framan mann og ekki þurfti að hafa áhyggjur af því að sækti fram á honum hnakkurinn! Jón í Skollagróf orti um viðlíka herðar, en sömu ístru og sama skegg:

Herðunum líkti við háan vegg/heiðurinn fullsannaður/enda fyrir ístru og skegg/alveg sérhannaður.

Ég tamdi Gamm fyrir Kjartan Lárusson, en faðir hans var þá allur. Gammur var ekkert lamb að leika sér við, en allt gekk þó skaplega. Þegar Kjartan sótti folann úr tamningunni, reið hann honum einhesta alla leið heim í Austurey. Þótt þessi ferð gengi að óskum, varð ekki framhald á brúkun Gamms heima í Austurey. Þar kom að ég eignaðist hestinn, eins og mig hafði lengi dreymt um – og ég man ekki betur en hann hafi borið af í firmakeppni á Vallamóti – og fortakslaust í skeiðkeppni. En það ber ekki hæst í minningunni um þennan fádæma vilja- og þrekhest. Þar er ofar í huga mörg fetreiðin í fararbroddi að þjakka þúfnakargann í Breiðnum allt norður að Fífilvöllum – eða hleypingar fyrir fjallafálar ofan af Tjaldafelli og lengst vestur á Skersli. Í stað þess að setja hér á langar tölur um afrek Gamms sem smalahests, set ég hérna vísu Hauks Eyjólfssonar, sem ort var til ámóta hetjuhests fyrir margt löngu:

Þú ei síst í þungri raun / þreki beittir hvötu. / Oft við fórum Illahraun / eftir Tæpugötu.

Bjarni Þorkelsson



Nudd og Heilsustofan á Laugarvatni býður uppá; Jákvæð sálfræði (therapy) Markþjálfun, Heilsunudd, Meðgöngunudd, Svæðameðferð. Auktu vellíðan þína og styrkleika, á þessum viðkvæmu tímum. Hjartanlega velkomin.


Katrín Erla S. 862-4809



Getraunanúmer UMF. Hvatar er

809

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Kvenfélag Grímsneshrepps 2021

27. maí	Aðalfundur
Júní	Vorgöngur
17. júní	Fjallkonan
Júní / júlí	Undirbúningur Grímsævintýra
5. ágúst	Vinnudagur fyrir Grímsævintýri
7. ágúst	Grímsævintýri
Ágúst	Heldriborgaraferð fyrir 60 ára og eldri
September	Haustfagnaður í Mörkinni
September	Haustfundur
25. sept.	Kosningakaffi
15. -17. okt.	Landsþing KÍ í Borgarnesi
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur

Heldriborgaraferðinni fyrir 60 ára og eldri hefur verið frestað fram í september.



Glansmyndir er ný myndakassaleiga sem býður upp á glæsilega myndakassa fyrir öll tilefni.

Við bjóðum nú upp á snertilausan myndakassa þar sem þú getur stýrt kassanum beint úr símanum þínum.

Fermingartilboð 2021

Myndakassi og bakgrunnur á 30.900 kr.

Veldu stærri pakkann í bókunarferlinu og notaðu kóðann: ferming2021



GIF myndir



Boomerang



SMS deiling



QR kóði



Bakgrunnur

GRUNNPAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði



kr. 34.900

STÆRRI PAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali



kr. 39.800

ALLUR PAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali
Myndaprentari (100 myndir)



kr. 49.800

www.glansmyndir.is



Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

ÍPRÓTTAMIDSTÖÐIN BORG

Opnunartími

til 23. ágúst
MÁNUDAGA – FIMMTUDAGA

10:00 – 21:30

FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

10:00 – 18:00

Frá 23. ágúst
MÁNUDAGA – FIMMTUDAGA

10:00 – 21:30

FÖSTUDAGA, LOKAÐ

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

10:00 – 18:00

HÆTT ER AÐ HLEYPJA OFAN
Í LAUGINA 20 MÍNÚTUM
FYRIR LOKUIN

Hertar reglur vegna
covid tóku gildi
25 júlí.

Aðeins verður hleypt
ofaní laugina 30
manns í einu, börn
fædd 2016 og síðar
undanskilin.

1 m reglan tekur
einnig gildi,
grímuskylda ef ekki
verður hægt að
tryggja þá reglu.
Við mælum með að
fólk hugi að eigin
sóttvörnum, spritti
sig og hugsa um
náungann við hliðina.

Facebook
Íþróttamiðstöðin Borg

Netfang:

sundlaug@gogg.is

Sími 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is